

**Ed.**

## **78. Frumvarp**

til laga um skipun niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

### **1. gr.**

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur skal skipuð 5 mönnum, sem bæjarstjórnin kys með hlutfallskosningum til 4 ára á fyrri fundi sínum í febrúar næst eftir að almennar kosningar til bæjarstjórnar hafa farið fram, og 5 varamönnum, sem kosnir eru samtímis og á sama hátt.

Skattstjórinn í Reykjavík á sæti í niðurjöfnunarnefnd. Má kjósa hann formann nefndarinnar, enda hefir hann þar málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé jafnframt kosinn af bæjarstjórninni í nefndina.

### **2. gr.**

Með samningi við fjármálaráðherra getur niðurjöfnunarnefndin ákveðið, að hún haldi fundi sína í húsakynnum skattstofunnar í Reykjavík og hafi afnot starfskrafta skattstofunnar eftir þörfum, gegn greiðslu úr bæjarsjóði á allt að  $\frac{1}{3}$  hluta af skrifstofukostnaði skattstofunnar, að frátöldum launum skattstjóra.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febr. 1934. Með þeim er úr gildi numin tilskipun nr. 55, 3. febr. 1923, um viðauka við tilskipun 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík, svo og, að því er Reykjavík snertir, 2., 3. og 4. málsliður 17. gr. laga nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör, og enn fremur 2. málsliður 23. gr. laga nr. 74 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

### Greinargerð.

Niðurjöfnunarnefndin í Reykjavík er nú þannig skipuð, að bæjarstjórnin kys í hana 4 menn með hlutfallskosningum, en skattstjórinn er 5. maður í nefndinni, atkvæðisbær og formaður hennar. Þessi tilhögun tryggir það ekki, að meiri hluti nefndarinnar sé í samræmi við meiri hluta kjósenda í bænum eða bæjarstjórnarinnar, og hefir tilhögunin því vakið réttmæta óánægju í bænum.

Í frv. er farið fram á að gera tilsvarendi breytingu á þessu eins og gerð hefir verið með löggjöf og tilskipunum á síðari árum að því er snertir bæjarstjórnina sjálfa og aðrar nefndir, sem hafa á hendi forstöðu bæjarmálanna, t. d. nú síðast bæjarráðið. Í það kys bæjarstjórnin 5 fulltrúa með hlutfallskosningum, en borgarstjóri á þar og sæti, með málfrelsi og tillögurétti, og má kjósa hann formann bæjarráðsins, en atkvæðisrétt hefir hann því aðeins, að hann sé jafnframt bæjarfulltrúi og kosinn í bæjarráðið. Svipuð þessu er nú og staða borgarstjóra í bæjarstjórn og öðrum nefndum, svo og staða hafnarstjórans í hafnarstjórn, og er í frv. stungið upp á að haga þessu eins að því er snertir stöðu skattstjórans í niðurjöfnunarnefnd.

Það er að vísu brýn þörf á að breyta ákvæðunum um sjálfa niðurjöfnun útsvara í Reykjavík, þannig að þar komi fastar reglur í stað þess handahófs, sem of mikið gætir ennþá. Eigi verður þó hjá því komið að halda niðurjöfnunarnefndinni, þótt slík breyting komist á, m. a. til þess að kveða á um útsvarsskyldu í vafatilfellum, veita ívilnanir vegna veikinda eða breyttra ástæðna og gera tillögur um eftirgjafir. Þykir því ekki ástæða til þess að fresta sanngjörnum breytingum á skipun nefndarinnar sjálfrar, þótt breytingar á útsvarslöggjöfinni séu ekki tilbúnar.